



Bréf og kort til Bjarna: Bréfritari Þórður Sveinsson föðurbróðir hans, mars til desember 1931

Bjarni Benediktsson – Grænland – síldarmjöl – þingrof – greinar í stjórnarskrár – reglulegt alþingi – Tang & Riis - atvinnumálaráðuneytið – undirskattanefnd – yfirskattanefnd – lög um byggingar og landnámssjóð – ræktunarsjóður – lán – afgaldskvöð – íslendingar eiga 50 milljónir í sparisjóðum – Sveinn – einokunarsvindl - síldarmónópólsins

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Fjölskyldan
Askja 3-1, Örk 11

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



GLEDILEG JÓL



(GRETA)

H. Landjus.

Bjarni Benediktsson

go H. Bernstein,

Mommsenstr. 39^{III}

Berlin-Charlottenburg

Lentur þeir verðin öðru
næstum gildi og far-
ðar mynd, með henni
kunniði þa komma ni-
miðan til meið gálfum.
Hinn frendi.


SESENKT NÁR
GEMÄLDE

50

R. Bjarnardóttir
Reykjavík
1955-3-

Dóttir Bjarnar

Reykjavík



Ruk 15-12-31

Kari fandí minn!

þy hefi mi ekki gett valv
of því að skrifa þír eða
sína þír nöldra frændum.

En samt hefi og mi oft
hugs að hleid til þín. Þú fad
mi að drittað celar gettið jafnframt
av hinnum og veit eg ekki hrað er
allt að segja. Allir tala um Krappum
við hér enum ekki forin að venju vyrri með hanum
en þa - en fyrst er eins og þessum ótrúnum

etar óstjornar gosnum verði aðt ad oginni.
Ett þeirr þeir eru bárin ad tóma allar sjöd
og fóru með allt til fjandans - kenna þeir
heimi Krappum - um, og bandur fóru hóndum
og ít malu hve handliðslu þeira si dæmdu
það fyrir Krappu. Hii er Svinn frondi enkrus
meðal földris betja landsins og a hvers oranorðum
og lögðum ap öllu rísum ríttum folki en tilgrein
leikur ap hinum. Hii er allt i díðu og díppa
hei i forritings - lepin - og útsvar og skeður allar
aðleg ad drepa mig væti ekki hvernig mið fljóttu
Matslojan hefur varði $\frac{1}{4}$ af umsíðu síðan oginn
regnskálin kom um lóðum land sölu líðar. Þó
at megin ekki selja mið rit eftir kl 7 á kirkju
et eftir kl 1 á seinni dögum. Anna er mið aldonind
vara ad þi hafit allt sín þi port með hærri prarsi
minn. Ósni þi sva og hibun - hvg gðru og
gleðilegur sölu - og gleðiliði. 1932. Þin brentu fíða

Skýrsla · 15. maí 1931

REYKJAVÍK, 14. marz 1931.

Sæll og blesсаður Bjarni minn:- Fyrst er að þakka þér fyrir bréfið, sem þú sendir mér fyrir jólin, en reyndar kom það nú ekki hingað fyrr en með fyrsta skipi eftir Nýarið. Ef til vill hefir jólaösin ytra tafið fyrir því.

Um daginn, fyrir fám dögum, sá eg bréf birt í VÍSI frá skattþegnafélagi (eða einhverju svoleiðis félagi) undir-skrifað af Einari Arnórssyni ofl., og var þar tekið fram, að það væri brot á stjórnarskránni að heimila ~~xxfjákkx~~ að ákveða megi í fjárlögum hækjun tekju og eignar skatts um vist hundraðsgjald.

Þetta atriði tilheyrir víst þinni sérstöku námsgrein, en mér finst að þú hefðir þegar í fyrra átt að hafa tekið eftir þessu og bent á það. Bið eg þig nú að athuga þetta og senda mér nokkurar línum um, því að eg hefi alltaf gaman af athugunum um þá hluti, ~~xxxxxx~~ eða þau atriði, sem ekki liggja opin fyrir.- VÍSIS blaðið gæti eg sent þér, ef þú fær það ekki að heiman,

Nú þegar þú gefur þig að þessum stjórnlagafraðum, vil eg biðaj þig að athuga það, sem Sveinn bróðir þinn sagði mér að eg hefði skrifað um 1918, 1919 eða 1920 í VÍSI, að það væri brot á sambandslögunum að konungur Íslendinga og Dana taki að sér konungdom í viðbótar-Danmöfku, i.e. Suður-Jótlandi. Ekkert man eg eftir þessari grein, en Sveinn sagði mér að Jónas Klemenzson hefði skrifað hana og að Einar Arnórsson hefði nefnt hana, eða sama dæmi, og að E.A. hefði litið á þetta atriði eins og Sveinn hafði eftir J.K.

eða

Svo er Grænland, Það er víst ekki mikil von um að réttur Íslands yfir því verði viðurkendur, en eg hefi séð í dönsku blaði frásögn um talsverðar deilur við Norðmenn út af dönskum yfirráðum þess. Án þess að rekja sögu alls þess máls, vildi eg sprýrja þig um þetta í þessu sambandi: Grænland er selt. Geta Íslendingar samkvæmt sambandslögum ~~xæða~~ eldri ákvæðum, krafist einhvers hluta andvirkisins vegna sameiningar við seljanda (Dani) áður?

Úr því að Norðmenn geta ekki viðurkent dansk Herradæmi yfir Grænlandi, hví skyldu Íslendingar ekki geta vefengt það?

Annað mál er það, sem mér þækti vænt um ef þú vildir athuga fyrir mig. Eg hefi talað um það við ym issa menn, og man eg ekki til að nokkur einasti þeirra hafi skilið það, nema Böðvar Bjarkan. Mál þetta er lagaákvæði um SÍLDARBRÆDSLУ RÍKISINS, sem super fiflið Magnus Kristjánsson létt samþykkja.- Auk þess sem hvergi er gert fyrir þeim möguleika, að TAP g e t i orðið á reksrinum, sem þó þegar er ~~xxxxxxxxxx~~ komið í ljós, eru að minsta kosti tvö ákvæði í lögnum, sem ná ekki nokkurri ~~átt~~. Annað er slikt IDIOTI, að Böðvar sagði að forseti deildarinnar hefði átt að vísa málinu frá, en hitt er því líkt fjárhagsatriði að ekki ~~xxxxxxxxxxxxxáttxxtekum~~ tekur nokkuru tali

Pro primo: Að verksmiðjan selji bændaræflum sildarmjöl fyrir sannvirði. Hvernig á að reikna það út. Það er unt á prennan hátt, eða svo. Eftir einni aðferðinni gæti mjölkost að MINNA EN EKKERT. Útskýring á þessu kostar ~~níkh~~ nokkurt mál, og er ekki aðalatriði, svo að eg læt það ~~híská~~ bíða, en get skýrt þetta fyrir þér, ef á þarf að halda.

Pro secundo: sem er aðalatriðið í mínum augum, að ~~fxxxx~~ af franleiðöndum er tekið $4 \times 5\%$, sem fyrst og fremst er þungur skattur, en sérstaklega ranglatur, sem nú skal nánara tekið fram:

Eftir þessum ákvæðum á staten að fá andvirði verksmiðjunnar til baka á 20 árum, með 5% á ~~xxix~~ ári. Það er all right.

7a

í öðru lagi á að ~~gxxixxxxxxx~~ telja með venjulegum rekstrarkostnaði fullkomið viðhald verksmiðjunnar, jaft véla sem annars, er eg get eigi skilið öðruvísi en svo, að verksmiðunni í heild sinni verði haldið svo vel við, að eftir 20 ár, (eða fyrr, eða síðar) verði verksmiðjan í fullkomnu standi og "vinnufær". Ákveðið hundraðsgjald er hér að vísu ekki nefnt, en eðlilegt slit mætti aætla ~~svax~~ ~~áttverksmiðjan~~ ~~þann~~ ~~pessan~~ ~~við~~ ~~stofnun~~ ~~ekki~~ ~~nemast~~ ~~20%~~ ~~stofnun~~ ~~hansvarar~~ ~~þessi~~ ~~skattur~~ ~~þá~~ 5%.

Pro tertio: í sérstakan sjóð á að leggja 5% firningargjald. Hann verður þá eftir 20th ekki einungis orðinn nágu stór til þess að reisa nýja verksmiðju, sem kostar jafnt og pessi, i.e. 1 og 1/2 milljón, heldur mun betur, sem svarar ~~vöxtum~~ af framlaginu á hverju ári. Hefi eg ekki nent að reikna petta út, en það skiftir, vitanlega, stórfé.

Pro quattro: Til varasjóðs gangi 5% af sildarverðinu. Segjum 100000 mál, það gerir ekki nema hálf milljón, svo að her hefi eg hlaupið á mig, lítilsháttar, en í staðinn kemur, að sildarframleiðendur í næstu 20 ár eiga enn fremur að greiða 5% vöxtu af stofnkostnaði.

Útkoman er þá pessi, eins og stendur á næsta blaði.

Jafnvel pótt ræðuhöld Ólafs Thors hafi verið ágæt um verksmiðjuna, hefir hann bæði reiknað hundraðsgjald rangt að einhverju leyti og vist ekki vitað roð í þeim útreikningi, sem eg hefi nú sýnt bér, Bjarni minn. Eg geri ráð fyrir að þú fáir blöðin að heiman, en þar stendur tvívegis í MORGUNBLAÐINU í ræðu eftir Ólaf Thors, að einn hæfileikamaður sé þó í

Framleiðendur síldar næstu 20 ár greiða:

PRO PRIMO:

af normal maximum framleiðslu: 100000 málum síldar:

XX 5% vöxtu af stofnkostnaði (1 1/2 millj.)	kr.	75000.00
5% afborgun af sama	"	75000.00
Viðhald amóta mikið, þó tæplega, segjum	"	50000.00
5% fyrning (af stofnkostnaði)	"	75000.00
5% til varasjóðs af síldarverði	"	25000.00
Samtals	kr.	300000.00

Maximus x i k d a k u k k a k u k t x a k k x x y f x x b x k x x m a k i x x h i x x x
x a x k x i x d u k x k u l i k x r a x g x k a n i a g x a d x u k x x t j a k n a k k a n k a n a d u x x
b x a x k u k a x t u d a x x x x x n i a n i a x

Hvert hundraðsgjald þetta er af síldinni þori eg ekki að segja, en eg veit að það er þungur skattur, enda sérst hvernig magnúsarkristjánssonarsystemið verkar í viðbótardæminu:

PRO SECUNDO:

Síldarframleiðendur hafa að 20 árum liðnum, ef nokkur þeirra kemst lífs af svo lengi, GREITT síldarverksmiðju ríkisins:

1. sinn með 5% afborgun,
 2. sinn með því að halda verksmiðjunni svo við, að hún verður þá í fullu standi,
 3. sinn með því að leggja fullt verð hennar í endurnýjunarsjóð (auk sjálfsagðra vaxta)
 4. sinn að miklu með stofnun varasjóðs.

Segi og skrifa: sjómenn og útgerðarmenn greiða þessa verksmiðju FJÓRUM SINNUM a næstu 20 árum. Byður nokkur betur?

stjórn pessa fyrirtækis, og vita allir að hann á þar við
Svein bróður þinn.

Við tækifæri skrifar þú mér um þessi mál, eða
helzt fleiri.

Nú er kominn 20. apríl, svo að eg hefi verið
röskan manuð með bréfið. Mikið gengur nú á hér í bænum,
og verður þú sem sérfræðingur að athuga lagahliðina á
þingrofinu. Eg geri ráð fyrir að þú fáir blöð að heiman,
og svo segir Sveinn þér fréttirnar. Hann siglir á þinn fund
á morgun.

Frúin mín biður að heilsa þér. Vertu sæll og
blessaður.

Íslenska 15. maí 1931.

Reykjavík, 3. maí 1931.

Sæll og blesсаður Bjarni minn:- Eg var að reyna að leiðbeina pér í lögum um daginn, fór jafnvel út í stjórnlagafæði, en af því að tíminn var naumur og eg hafði ekki heldur athugað þá svo grandgæfilega sem skyldi sum atriði, sem snerta þingrofið, vildi eg nú nota tækifærið til þess að athuga eitt atriði, er máli skiftir. Hefi eg hvergi séð þess getið og engan heyrta nefna það. Ástæðan getur ekki verið nema eitt ~~xxx~~ af tvennu, að þetta atriði sé einski (venjulega ruglað í einkis) virði, eða þá (~~xxx~~ öllu fremur) að því hafi ekki verið veitt eftir-tekt.

Vil eg nú biðja þig að athuga þetta:

18. gr. stjórnarskrár segir: Konungur stefnir saman Alþingi ár hvert. Hér er að ræða um reglulegt alþingi (í mótssetningu við aukaping, sem nefnt er síðar í sömu grein). Með þessari grein er því og (tvímaðlalaust) slegið föstu, að ~~xxvngxxxxx~~ reglulegt alþingi komi ekki saman nema einu sinni á ári, enda mun þess hvergi dæmi í heiminum, að reglulegt ~~xxgxx~~ þing komi saman nema einu sinni á ári, þótt, vitanlega, megi allstaðar í heiminum fresta fundum þings.

31. grein stjórnarskrár segir: Reglulegt alþingi skal koma saman ár hvert hinn 15. febrúarmanaðar,....hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag FYRR á árinu. Hér ber að sama brunni. Þessi grein tekur af öll tvímaði um það, að reglulegt alþingi GETUR EKKI komið saman nema einu sinni á ari.

REGLULEGU alþingi íslendinga 1931 er lokið.

38. grein stjórnarskrár segir: Fyrir hvert REGLULEGT alþingi skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsar, sem í hönd fer.

REGLULEGT alþingi getur ekki orðið haldið oftar á Íslandi 1931.

Afleiðing: ÍSLAND ~~XXX~~ VERÐUR FJÁRLAGALAUST 1932.

Það er þetta atriði, sem eg vil biðja þig að athuga. Reyndar hefði átt að hafa athugað það fyrr.

Til þess að rökstyðja mál mitt ennfrekar, með til vil
eg benda á það, að það þing, sem nú verður kallað saman,
og að áliti manna á að ganga frá því ~~þekk~~ fjárlagafrum-
varpi, sem varð að engu á hinu afnumda þingi, þarf ekki
eftir 20. gr. að koma saman fyrr en 12. dec. Með öðrum
orðum hreinasta hending að það komi sman fyrr en á næsta
ári, því ari, sem fjarlög vantar um. Þetta þing hefði al-
veg eins ~~þekk~~ getað verið rofið í dag, og pá alls engi
skylda að kalla nýkosið þing saman fyrr en á næsta ari.

Stjórnarskráin getur ekki hafa verið samin upp á þær spýtur, að undir slikri hending^u_A væri komið, hvort fjárlög yrði samin eða ekki. Ætti þetta að vera sönnun fyrir því, að þingrofið xxxx er stjórnarskrárbrot.

Nú er dagur að kveldi kominn, þú athugar þetta og leiðir mig í allan sannleik við tækifæri.

Eg bið að heilsa Sveini, og konan míni.

Værtu sæll.

pinn *pinw* *reinsson.*
~~Pöschöpf 801.~~

P.S. Samkvæmt þessu
hefur vantalegt farið
í sumar (eða haust) að
verða alltaf farið, en
aukafarið getur ekki
samþykkt fjarlög.

Íslenska 15. maí 1931

Reykjavík, 6. maí 1931.

Sæll og blesсаður Bjarni minn:- Bezt er að byrja bréfið á því að óska þér allra heilla á afmælinu þínu, sem að við er nú liðið, úr því að ekki varð úr að eg gerði það í bréfinu, sem eg skrifaði þér um daginn, fyrir fám dögum.

Pótt þér kunni nú að fara að leiðast lögskýringar minar og stagl, verð eg að skrifa þér aftur, einmitt í sambandið ~~xxxx~~ við nysent bréf, en það var um afgreiðslu fjárlaga fyrir 1932.

Hélt eg því pá fram, að fjárlagafrumvarp gæti ekki orðið lagt fyrir aukaþing. En nú hafði eg fengið þetta "í höfuðið", og kann að vera ekki annað en "fluga". Vildi eg gjarna bera þetta undir einhvern hugsandi mann í kyrrþey. Datt mér pá í hug að tala um það við Jakob Möller. Hefi eg nú ~~átt~~ hitt hann að máli. Hann sagði mér, að Garðar Þorsteinsson, hæstarettarmálaflutningsmaður, hefði á studentafundi um daginn nefnt 38, gr. stjórnarskráinnar sem sönnun fyrir stjórnarskrárbroti, en mundi ekki hafa farið út í afleiðingarnar. Var hann og á þeirri skoðun, að ákvæði peirrar gfeinar væri aukin sönnun þess, að stjórnarskrárbrot hefði verið framið. Það er gott og blesсаð, en það sem eg vil tala um, eru að eins afleiðingar, eins og eg lagði áherzlu á um daginn. En álit Jakobs á þessu var það, að væri hvergi það annað, að leggja fjárlagafrumvarp fyrir aukapíng, svo að stjórnin mundi eflaust gera það, og par með væri minn skilningur úr sögunni.

Þá horfir málid svo fyrir nú, hvort sá skilningur sé rettur. ~~NÁXXAXXXXXXÍXXAXXXXX~~ í minum augum er það svo, að þar sem stjórnarskráin tekur það fram í trekuðum sinnum, að fjárlagafrumvarp skuli lagt fyrir reglulegt þing, ~~ÍXXAXXXXX~~ sé þess ofaukið að banna annað. Á þessu veltur. Allt veizt þú þetta, svo að vera má óbarfi að eyða bleki og pappír undir þessi skrif, en engu að síður ~~ÍXXAXXX~~ sakar ekki að eg hreyfi þessu. Mér þekkti vænt um ef þú vildir skýra þetta fyrir mér.

Eins og eg sagði þér um daginn, hafði eg ekki hreyft þessu við aðra, og fyrr en Möller sagði mér frá ummælum Garðars viði eg ekki að á þetta hefði verið bent, og ef fast jafnvel enn um það, að Garðar hafi þá hugsað dæmið til enda.

Svo er víst óparft að eg sé að tefja lengur fyrir þér.

Vertu sæll.

Bjarni Benediktsson *Bjarni Benediktsson* Pósthóf 80

Serila 14. Jeudi

Reykjavík, 3. júní 1931.

Sæll og blesstaður, Bjarni minn:- Kærlega pakka eg pér fyrir gott og mikið bréf, sem eg fekk frá pér í gær, sem mér var gagn og ánægja í að fá. Ekki skal eg gera tilraun til þess að vefengja skilning þinn á stjórnarskrármálínu, enda var eigi ætlun míni að taka pátt í rökræðum um það, heldur að eins einni AFLEIÐING þingrofsins, sem mér fanst svo einkennileg og óeðlileg, að þar gæti ekki verið allt með feldu, og virtist mér því HLJÓTA að vera um stjórnarskrárbrot að ræða, en sennilega mætti fremur kalla þetta GALLA á stjórnarskránni. Eg á við, að ef löggjafinn hefði ímyndað sér þingprof Tryggva Þórhallssonar, eins og það varð, þá hefði hann (~~xx~~löggjafinn) tekið af öllum tvímæli og fyrirbygt, að EINMITT þetta tilfelli hefði getað komið fyrir. Um ástæður stjórnarflokksins (eftir á) fyrir þingrofinu, held eg að ekki sé amnað að segja, en þær sé búnar til eftir á í nauðvörn, og legg eg ekkert upp úr þeim, hvorki til né frá. Verknaðurinn sjálfur er hinn sami, og brot, eða ekki brot, alveg eins, eftir sem áður, og sekt eða sakleysi hið sama. - En svo að eg hverfi að þessu atriði, sem mér virtist máli skifta, um fjárlagafrumvarp á aukapingi, þá hefi eg ekki getað kvarlað frá áliti mínu á því. Vil eg til þess að rökstyðja mér mitt frekara taka nokkur atriði fram, sem eg hreyfði víst ekki um daginn. Mér sýnist svo, að þú hafir ekki athugað, að þá er stjórnarskrárfrumvarpið

var lagt fyrir pingið 1919, þá var gert ráð fyrir ~~xxxxx~~
stórum lengri fresti, sem liða mætti frá pingrofi til þess
að pingyrði aftur kvatt saman, en síðan var sampaþkt. ~~xxxxx~~
Fresturinn var svo styttur í meðferð Nd, til þess að "verda
rétt pingsins". Hvaða rétt? Það veit eg ekki vel, hvort hér
er beinlinis átt við trygging þess, að fjárlagafrumvarp
geti þó alltaf verið lagt fyrir AUKA ping í taka tíð, eins og
nú er einhver von um að verði gert. Eg held ekki, Sá sem
samdi frumvarpið hefir einmitt gert ráð fyrir því, að óhætt
væri að hafa frestinn lengi, því að til þess GETI ALDREI
komið, að leggja þyrfti fjarлагаfrumvarp fyrir AUKA ping.
Í öðru lagi er það allt að því tilviljun, að ping skuli koma
saman svona snemma árs. Stjórnarskráin hefði, óbreytt að öðru,
getað haldið gamla þinglimanum: 1. júlí Segjum að petta um-
rædda þingprof hefði skeð 1. okt. Kosningar þá 1. dec.,
pegar samgöngur eru erfíðar. Talning atkvæða lokið 15. dec.
(í FYRSTA lagi). Þingmenn komínir hingað (í fyrist lagi).
30. dec. Útkvoma: Engi fjárlög.- Hlaut ekki hver einasti
maður, og þá ekki sízt alpingismaður, að sjá og skilja, að
petta var IDIOTI ?. Þetta hafði eg talið SÖNNUN fyrir því,
að þingprofioð ~~xxx~~ HLYTI að vera stjórnarskrárþrot, en það
má vel vera, að hið rétta sé, að kalla eigi það GALLA á
stjórnarskránni, eins og áður segir.

Þorvaldur frændi þinn og doctor Pálsson biður að skila
kveðju til þín, og að nú fari á LYRA áleiðs til Berlínar
Helgi Björnsson, aðstoðarmaður í póstbögglakjallaranum, og
biður hann þig að greiða fyrir honum. Sennilega pekkir þú
Helga, hann er lípur maður við sitt starf og pekkja hann
því fleiri þess vegna, og það að góðu. Hann er gamall sam-
verkamaður minn, pótt ungur maður sé, og væri gott, ef þú
gætir leiðbeint honum. Hann er ekki uppáþrengjandi. Hann
verður ekki í Berlín nema örfáa daga. Ferðast víst með
styrki úr Póstmannasjóði, sem eg átti víst upptök að.

Vertu säll og blesaður.

H. M. Wimerson
Pósthof 80.

Íslenska 3 - 4. jan.

Reykjavík, 26. nóv. 1931.

Söll og blesсаður, Bjarni minn:- Alltaf átt þú bréf hjá hér, síðan í júní, eða svo. Oft hefi eg stlað að skrifa þér, en þá hefir alltaf komið eittthvað fyrir, svo að úr framkvæmd hefir ekki orðið, og svo er talsvert annríki stundum, þótt reyndar sé ekki gert mikil úr þessum benda-refla banka. Það pess er að gæta, að starfskraftarnir eru ekki miklir, og mikil af störfum mínum eru þannig, að eg get ekki unnið þau í afgreiðslutímanum, svo að eg verð að gefa mig að þeim eftir venjulega vinnum, og er því oft að verki langt fram á kveld, og eins stundum á sunnudögum.

EKKI fínst mér að taki því að fára að rifja upp fjárlagafrunvarpið í sambandi við aukaping, sem var aðal-efni bréfa okkar. Eg geri ráð fyrir, að þinn skilningur sé réttur, þótt eg vilji ekki falla frá skoðun minni í málinu. Eitt er að minsta kosti víst, að löggjafinn hefir ekki gert ráð fyrir því, sem skeði í þessu málí.

Verð eg nú að velja annað efni, úr því að fes tek að skrifa þér. Er þá fyrst að minnast á það, að undir Jökli var lagt hátt útsvar á verzlun eina (Tang & Riis). Þeir klöguðu. Undirkattanefnd sinti ekki kröfum um lekkun. Firmað vísáði málinu til yfirskattanefndar, sem lekkaði útsvarið til muna. Niðurjöfnunarnefnd líkaði petta miður og komu málinu til atvinnumálaráðuneytis, sem óþara nam úrskurð yfirskattanefnd-

ar úr gilai. Frá þessu var skýrt í Morgunblaðinu.- Til hvers er eg nú að skrifa þér um petta? Það er vegna þess, að þessi úrskurður atvinnumálaráðherra er rangur, en málid mun vera í sérgrein pinni í lögfreðinni, og vil eg nú biðja þig að segja mér álit þitt.

Það skiftir engu pótt í lögunum sé komist svo að orði að málsaðiljar (í fleirtölu) geti skotið yfirnefndar-úrskurði til atvinnumálaráðuneytis. Þáli málssins er það, að þar sé að eins að fæða um greiðanda, sem finst hann verða ofhart úti. Þetta ákvæði er sett hans vegna, en ekki vegna niðurjöfnunarnefndar. Sama lagaákvæð er í Danmörku, og er til hestaréttardómur fyrir mínum skilningi á þessu. - Nei, það þori eg annars ekki að fullyrða, að hestaréttur hafi kveðið upp úrskurð um petta, en það er að minsta kosti úrskurður fyrir þessu, ef til vill stjórnarráðsúrskurður.

Annað atriði vildi eg nefna: Það eru lögur um BYGGINGAR OG LANDNÁMS SJÓÐ. Þar er eitt settra skilyrða fyrir lánveitingum, að lántakandi sé íslenzkur ríkisborgari. Þetta er tvímelalaust brot á sambandslögnum, nema ef til eru önnur (almenn) lög, sem upphefja þetta ákvæði. Né mikilóvera ef svo er, því að minsta kosti í fiskveiðalöggjöfnum er tekið fram í þeim lögum sjálfum, að pau nái ekki til Dana, vegna þess að löggjafinn sá, að ákvæði þeirra laga gátu ekki sámrýmt sambandslögnum.

Priðja atriðið, sem mig langaði til að drepa á, kemur að vísu ekkert við stjórnlagafreði, en engu að síður treysti eg þér til að athuga það. Þetta atriði er svokölluð afþjaldskvöð, sem ábúendur kirkjujarða og þjóðjarða geta lagt á jarðir sínar til tryggingsar fyrir lánum úr Búnaðarbanka. (vist ekki úr öðrum þvíum stefnum)

Fyrst kemur petta fyrir í Rektunarsjóði. Síðan í Landnáms-sjóði og lokst í veðdeildarkafla Búnaðarbanka, en þó með þeirri klásúlu, að (ef) lög verðsett umx par um, i. e. afþjaldskvaðir. Þinnver hefir sagt mér, að petta veri þýzk hugmynd. Annars víta nenn lítil deili á þessum hlut, og eg hefi ekki hitt sinn einasta mann, sem ~~vixxi~~ skildi petta ákvæði. Óða réttara sagt viði hvernig ætti að beita því. Engu að síður eru talsvert mörg lán veitt út á þessa tryss-ingu.

Mitt álit er, að petta ákvæði sé fyrst og fremst varhugavert að því leyti, að ábúendur, sérstaklega prestar, geti fengið svo há lán út á afþjaldskvaðir, að jörðin beri ekki vöxtu og afborganir. Lántakandi flosni upp og engi fáist til að búa á jörðinni. Petta kann annars að vera ímyndun, og er víst auka-atríði, því að önnur atríði skifta meira. Það ætti og að mega ganga út frá því, að lánveitandi léti ekki herxa lán en svo, að afþjaldskvöðin yrði viðráðanleg. Ájala-tcið virðist mér vera það, hvernig fari um það mannvirkni, sem lánið er veitt til að framkymma. Bóndi á kirkjujörð fer 10 þúsund króna lán úr landnámsjóði til endurhýsingar á jörðinni. Húsið kostar nokkurum þúsunda króna meira, en lánið nemur. Það greiðir leigulíði úr eigin vasa. Eins greiðir ábúandi afborganir af láninu. Ef hann lifir lengi, hefir hann greitt húsið að fullu af eigin ramleik. HVER Á HÚSID? Eja ef maðurinn fer af jörðinni, hvað verður um þann hluta verímatis hússins, sem hann hefir greitt? - Ef laust verður eftirmaður hans á jörðinni að taka við húsinu og standa straum af láninu, en hinn nýi ábúandi mundi eigi greiða fráfaranda einn eyri upp í það, sem hann (sá sem fer) hefir lagt af mörkum. - Um petta er ekki einn stafur,

í lögum, í reglugerð. eða í skuldabréfi. Sennilegast er hinn fyrri ábúandi með öllu réttlausum, en það er afarósann-
gjarnt, eða réttara sagt rangindi. Við petta bætist, að lántakendur gera sér petta ákvæðaleysi ekki ljóst þá er
þeir taka lárin. Geta má þó þess, að í 16. gr. reglugerðar
Rektunarsjóðs eru mjög hörð ákvæði um það, að flæma ábúendur
að jörðunum, ef þeir standa ekki í skilum, og verður ekki
annað séð, en það sé bótalaust.

Þú athugar líka hinn mikla mun, sem er á því káxxx
fyrir ábúanda, að standa straum af afgjaldskvöð, sem hann
sjálfur hefir fengið lagða á jörðina vegna lántöku, eða
fyrir hinn, sem á eftirhonum kemur, og stendur straum af
afgjaldskvöð fyrirfennara síns. Nefnum dæmið áðan: LO þús.
kr. lán til húsabóta. Sá sem kom húsinu upp hefir lagt í
það stórfé umfram lánið. Árið eftir tekur nýr leiguliði við
jörðinni. Hann sleppur þó við stofnkostnaðinn, og greiðir
að eins árgjald af láninu. (með því sem húsið kostat, að mið meira).

Ef það er rétt að hér sé um gýzka hugmynd að ræða,
þá athugar óu petta mál ef til vill fyrir mig, og segir fyrir
um, hverjum tökum eigi að taka það.

Það er ekki vert að eg hafi petta bréf lengra. Vérlí
víst eins gott að skrifa heldur oftari, en ekki oftaka sig að
mjög löngu máli í hvort skifti. Eitt langar mig til að nefna
enn að lokum, en það er, að þú verður að dispútera sem fyrst.
Lát mig vita hvort það er ekki áform pitt, og þá um hvaða efni.

Konan míni biður að heilsa.

Vertu súll og blessaður og líði þér alltaf vel.

Jinn

Jón Þorláksson
Posthólf 801.

þánið 3-4. jan. 1931.

Reykjavík, sunnudag, 6. dec. 1931.

Séll og blesaður, Bjarni minn:- Um daginn skrifaði eg pér
bréf um lögfræði, sem eg vænti að þú hafir fengið, það er
bréfið, en ekki lögfræðina, eða réttast sagt lögfræðisbréfið.

Nú ætla eg að nota tækifarið á meðan eg sit heima hjá frúasen
til þess að skrifa pér um annað efni, úr því að eg kom heim
með ritvélina í gerkveldi, en það gerði eg til þess að skrifa
prófessor, Dr. Lodewyckx, sem hér var í summar, en nú dvelst
í Stuttgart. Hann er mesti ágætismaður og talar íslenzku. Hann
á heima í Melbourne. Fekk ársfri frá háskólanum þar, sem hann
hefir varið til þess að læra íslenzku, meðal annars. Munt þú
hafa séð hans getið í blöðum héðan. Hann bjóá á SKJALDBREID
og var þar í fæði. Eskiði hann þess mjög ein-
dregið að fá að sitja við borð með íslendingi, eða íslendingum,
því að hann vildi læra málið. Varð það úr, að hann sat með okkur,
konunni minni, frk. Ranghildi, Brynjólf fi listamanni og mér. Þar
var og Sveinn Þórðarson úr Landsbanka. Fyrstu dagana gat hann
lítið í íslenzkunni, sem vonlegt var, en þá talaði eg við hann
ensku. Sveinn pýsku og Brynjólfur frakknesi, en allt skildi hann.
Mörg tungumál önnur kann hann. Hann skrifar mér alltaf á ís-
lenzku.--- Nú er inngangurinn orðinn nógu langur, svo að eg
sný mér þá að bréfsefninu sjálfu.

Svo sem pér er kunnugt, eiga íslendingar upp undir
50 milljónir króna í sparisjóðum. Sumt af þessu fé er geymt
þar til daglegra ígripa, eins og innieign í hlaupareiningi, en
mikill heirihluti þess er þar svo að segja um aldur og ævi,

pannig að eigandinn nurflar saman til ellíáránnar, og kemur því seint og í smáum stíl til útborgunar. Af þessu fé fær fókk 4.5% vöxtu samtímis því, að innlánsskírteini gefa 5%, jarðræktarbréf 5.5% og veðdeildarbréf (effectivt) yfir 6%.

Að nokkuru leyti verður fólk fyrir þessu vaxtatapi af
fáfræði sinni, en þó aðallega vegna þess, að fólk vorir ekki að
kaupa "bréf" (bonds) vegna þess að það hefir engan stað, sem
það getur selt þau á ef það skyldi þurfa á fínu að halda, áður
en þau eru dregin út. Áhættuátti kemur hér ekki til greina,
því að sama trygging er fyrir öllum þessum fjármunum.

Hér vantar því mikill rakkur sölucentral, eða
brakússtarfsemi. Kauphöll er ekki til, og væri að engu bættara
með henni. Í verðbréfum má reka mikla verzlun um leið og fólk
það sem það náiði. Það er að eiga pau, en það porir ekki að eiga pau nema
það sem það geti selt pau. Ef til vill er þetta illa örðað, eða það er
perpetuum mobile.

Mér er sagt að þú fáir blöð að heiman. Þarf eg þá ekki að fræða þig um daglega viðburði bæjarins, en þess skal eg geta, að Sveinn bróðir þinn er nú langsamlega mest umtalaði maður á Íslandi vegna sinnar leiðandi starfsemi í atlögu ~~gagnxxx~~ gegn hinu geigvænlega einokunarsvindni síladarmónópólsins. Þarf fær staten bit upp á 1.5 milljón, eða vel það, sennilega 2 milljónir. Ekki þarf eg að rekja petta mál, en ef þú veizt það ekki áður, eða manst það ekki, þá skrifaði eg pégar í öndverðu á móti þessari einokun.

Nú ætlum við hjónin í Bíó til þess að horfa og hlusta á þýzka mynd í Nýja Bíó. Þjóðverjar hafa að vísu til skams tíma ekki kunnað að búa til myndir, en eitthvað kvað vera að rofa til fyrir þeim upp á síðkastið.

Frúin biður að heilsa. Vertu säll og blessaðu,
Bjarni minn.

Bjarni Benediktsson

P.S. Það kann að vera óþarflega vel í lagt hér að ofan að ríkið fá bit upp á 1.5- 2 milljónir króna á síldarmónópólinu. Lögin ákveða ábyrgð ríkisins að hámarki hálfa milljón. Hitt tjónið lendir þá á öðrum (saklausu fólk). Þinn sami.